



Hörgársveit

Fréttabréf

15. júní 2020 11. árgangur 6. tölublað

Forsetakosningar 2020
Kjörfundur laugardaginn 27. júní 2020 verður
í Þelamerkurskóla og stendur yfir
frá kl. 10.00 til 20.00.
Kjörstjórn

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram á skrifstofum sýslumannsembættisins virka daga sem hér segir:

Akureyri, Hafnarstræti 107:

Virka daga frá kl. 9:00 til 18:30.

Um helgar er opið frá kl. 11:00 til 14:00.

Á kjördag er opið frá kl. 10:00 til 18:00.

Kjörskrá

Kjörskrá vegna kjörs forseta Íslands mun liggja frammi á skrifstofu Hörgársveitar í Þelamerkurskóla á almennum skrifstofutíma frá og með þriðjudeginum 16. júní 2020 til kjördags. Athygli er vakin á því að kjósendur geta nú kannað á vefnum kosning.is hvar þeir eru á kjörskrá.

Þeim sem vilja koma að athugasemdum við kjörskrá er bent á að senda þær sveitarstjórn.

Sveitarstjórnin í Hörgársveit

Kosningakaffi í matsal Þelamerkurskóla

Fjáröflun fyrir skólaferðalag 9. og 10. bekkjar

laugardaginn 27. júní kl. 12.00 – 17.00

Fullorðnir kr. 1.000, börn 6-12 ára kr. 500,- 0-5 ára frítt

Ekki er posi á staðnum

Úrdráttur úr fundargerð:

Föstudaginn 12. júní 2020 kl.14:00 kom sveitarstjórn Hörgársveitar saman til fundar á skrifstofu sveitarfélagsins í Pelamerkurskóla.

Fundarmenn: Axel Grettisson oddviti, Jón Þór Benediktsson, Ásrún Árnadóttir, María Albína Tryggvadóttir og Jónas Þór Jónasson

Fundarritari: Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri.

Þetta gerðist:

1. Tíu ára afmæli Hörgársveitar

Hörgársveit varð til við sameiningu Arnarneshrepps og Hörgárbyggðar 12. júní 2010 og því á sveitarfélagið Hörgársveit 10 ára afmæli í dag, 12. júní 2020.

Sveitarstjórn samþykkir í tilefni af 10 ára afmæli Hörgársveitar að sveitarfélagið hefji nú þegar undirbúning að því að gerður verði göngu- og hjólastígur frá Lónsbakka að Pelamerkurskóla, með samvinnu við Vegagerðina og Norðurorku og með breytingu á skipulagi og fleira.

2.Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar frá 9.6.2020

Fundargerðin lögð fram og er í 11 liðum og þurfa 8 mál afgreiðslu sveitarstjórnar:

a) Í lið 1, Arnarnes, umsókn um skráningu lóðar

Sveitarstjórn samþykkti að heimild verði veitt til að skrá 9.621 fm lóð út úr landi Arnarness L-152294 samkv.meðf. uppdrætti. Lóðin fái heitið Arnarnes lóð 8.

b) í lið 2, umsókn um lóðir Hjalteyri

Lögð fram umsókn ásamt fylgigögnum þar sem sótt er um tvær samlyggjandi lóðir á Hjalteyri við hlið kaffihúss.

Sveitarstjórn hafnar umsókninni þar sem fyrirhuguð bygging sem umsækjandi hyggst byggja á lóðinni samræmist ekki fyrirbyggjandi deiliskipulagi sjá kafla 3.1.1. í greinargerð deiliskipulags.

c) í lið 3, umsókn um lóðina Búðagötu 6, Hjalteyri

Sveitarstjórn samþykkti að úthluta lóðinni nr. 6 við Búðagötu á Hjalteyri til Lene Zachariassen kt. 240661-7649 og Páls Rúnars Pálssonar kt. 131261-3309.

d) í lið 5, Syðri-Reistará, umsókn um skráningu lóða

Sveitarstjórn samþykkti að heimild verði veitt til að skrá tvær lóðir út úr landi Syðri-Reistarár L152345 samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti. Lóðirnar fái heitið Syðri-Reistará 3 og Syðri-Reistará 6. Bent er á að ekki er heimilt að standi fleiri en 3 einbýlishús á hverri jörð stærri en 25 ha. Ef um fleiri einbýlishús er að ræða þarf að deiliskipuleggja svæðið.

Sveitarstjórn samþykkti byggingarreit fyrir viðbyggingu við núverandi íbúðarhús samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti.

e) í lið 6, skógrækt í landi Hallfríðarstaða, umsögn vegna matskyldufyrirspurnar

Sveitarstjórn samþykkti að þar sem kynntar fyrirætlanir um skógrækt í landi Hallfríðarstaða samrýmist aðalskipulagi sveitarfélagsins þurfi þær ekki í umhverfismat.

f) í lið 7, Brekkuhús 3 a, breyting

Sveitarstjórn samþykkti erindið þar sem áform um byggingu svala við húsið stangist ekki á við fyrirbyggjandi deiliskipulag.

g) í lið 8, Glæsibær, framkvæmdaleyfi

Sveitarstjórn samþykkti að heimilt verði að veita framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku til eigin nota í landi Glæsibæjar á skilgreindu námusvæði fyrir allt að 25.000 m³ frá dagsetningu staðf. á aðalskipulagsbr. vegna Glæsibæjar til 30. júní 2021.

Sveitarstjórn samþykkti að heimilt verði að veita framkvæmdaleyfi fyrir gatnagerð og lagnavinnu þegar aðal- og deiliskipulag vegna Glæsibæjar hefur fengið staðfestingu og samþykkt hönnunargögn og undirritaðir samningar við Hörgársveit um uppbyggingu og þjónustu liggja fyrir.

h) í lið 9, Eyrarbakki Hjalteyri, ósk um breytingar á skipulagi

Sveitarstjórn samþykkti að heimild verði veitt til gerðar deiliskipulags og umsækjendum verði veitt heimild til að láta vinna tilheyrandi breytingu á aðalskipulagi á sinn kostnað í samvinnu við sveitarfélagið. Bent er á að nú þegar liggur fyrir leyfi fyrir einu einbýlishúsi á landinu.

3. Fundargerð rekstar- og framkvæmdanefndar frá 9.6.2020

Fundargerðin lögð fram.

4. Fundargerðir stjórnar SSNE frá 8. 9. og 10 fundi.

Fundargerðirnar lagðar fram.

5. Fundargerð stjórnar Norðurorku frá 8.5.2020

Fundargerðin lögð fram.

6. Fundargerðir stjórnar Markaðsstofu Norðurlands frá 5.5. 8.5. og 13.5. 2020

Fundargerðirnar lagðar fram.

7. Erindi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og Samorku vegna fráveitumála

Erindið lagt fram.

8. Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra, umsókn um rekstrarleyfi fyrir gististað að Engimýri III

Lagt fram erindi þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir gististað með áfengisveitingum að Engimýri III í Hörgársveit.

Sveitarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti að rekstrarleyfið verði veitt.

9. Efri-Rauðilækur umsókn um breytingu á skráningu

Lagt fram erindi þar sem óskað er eftir heimild til að breyta skráningu sumarhúss í íbúðarhús að Efri-Rauðalæk nr. 2557866.

Sveitarstjórn samþykkti erindið fyrir sitt leyti.

10. Álfasteinn viðbygging, verksamningur

Lagður fram verksamningur við ÁK-smíði ehf. kt. 450404-2840 vegna viðbyggingar við leikskólann Álfastein.

Sveitarstjórn samþykkti samninginn.

11. Sorphirða og förgun úrgangs, samningur

Lögð fram drög að tímabundnum samningi til 30.6.2021 við Terra norðurland ehf

Sveitarstjórn samþykkti samninginn.

12. Viðauki 2 við fjárhagsáætlun 2020

Lögð fram tillaga að viðauka 02 við fjárhagsáætlun 2020.

Sveitarstjórn samþykkti viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2020, sem hefur auðkennið 02/2020, og gerir ráð fyrir að rekstrarniðurstaða ársins verði jákvæð sem nemur 11.398 þús.kr. og handbært fé í árslok verði 33.560 þús.kr.

13. Kjörskrá vegna forsetakosninga

Lögð fram kjörskrá fyrir Hörgársveit vegna forsetakosninga 27. júní 2020. Sveitarstjórn samþykkti framlagða kjörskrá. Sveitarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna forsetakosninga 27. júní nk. í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis.

14. Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Eyjafjarðar frá 11.6.2020

Fundargerðin lögð fram ásamt fundargerð frá fundi með sveitarstjórum aðildarsveitar-félaganna en þar var m.a. kynnt kostnaðaráætlun fyrir skólaveturinn 2020-2021 sem og ársreikingur skólans 2019.

15. Erindi frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Erindið lagt fram en þar óskar ráðherra eftir umsögn sveitarfélagsins er varðar það hvort rétt sé að takmarka eða banna fiskeldi eða ákveðnar eldisaðferðir í sjókvíum í Eyjafirði innan línu sem dregin verði frá Siglunesi að Bjarnarfjalli.

Sveitarstjórn Hörgársveitar lýsir þeirri skoðun sinni að banna skuli fiskeldi eða ákveðnar eldisaðferðir í sjókvíum í Eyjafirði innan línu sem dregin verði frá Siglunesi að Bjarnarfjalli. Sveitarstjórn Hörgársveitar bendir á að í Eyjafirði eru friðlýstar náttúruminjar sem eru einstakar á heimsmælikvarða. Jafnframt skorar sveitarstjórn á stjórnvöld að unnið verði strandsvæðaskipulag af öllum firðinum með aðkomu allra sveitarfélaga við fjörðinn.

Sundlaugin á Þelamörk, Jónasarlaug

Opið: Sunnudaga til fimmtudaga 11.00 til 22.00

Föstudaga og laugardaga 11.00 til 20.00.

Viðhald girðinga meðfram vegum

Greiðslur frá Vegagerðinni fyrir viðhald girðinga meðfram vegum byggjast á tilkynningum frá landeigendum um að árlegu viðhaldi þeirra sé lokið. Láta þarf vita sem fyrst og í síðasta lagi 3. júlí n.k. til skrifstofu sveitarfélagsins í síma 460-1750 eða á tölvupóstfangið horgarsveit@horgarsveit.is.

Viðhald fjallsgirðinga

Landeigendur eru hvattir til að sinna viðhaldi fjallsgirðinga sem fyrst.

Söfnun á timbri, brotajárni ofl.

Minnum á að dagana 22.-26. júní fer fram söfnun á úrgangstimbri, brotajárni og fleira. Þeir sem vilja losna við slíkt þurfa að láta vita með pósti á jonni@horgarsveit.is eða í síma 860 6846 fyrir kl. 10:00 19. júní 2020

Sumarlokun á skrifstofu

**Skrifstofa sveitarfélagsins verður lokuð vegna sumarleyfa
frá 6. til 17. júlí. 2020**